

# FJÁRMÁLA<sup>e</sup>FTIRLITIÐ

## **Leiðbeinandi tilmæli nr. 2/2011**

### **Undanþága frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum**

Gefið út skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit  
með fjármálastarfsemi.

**24. júní 2011**

## I. Inngangur

Með lögum nr. 75/2010 var m.a. gerð breyting á 16. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki. Í 1. mgr. 16. gr. laganna er kveðið á um að í fjármálafyrirtæki skuli starfa endurskoðunardeild sem annast innri endurskoðun. Á grundvelli 5. mgr. 16. gr. laganna getur Fjármálaeftirlitið, með hliðsjón af eðli og umfangi rekstrar einstakra fjármálafyrirtækja, þó veitt undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi hennar og sett þeim fyrirtækjum sérstök skilyrði sem slíka undanþágu fá.

Fjármálaeftirlitið gefur því út endurskoðuð leiðbeinandi tilmæli um undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar hjá fjármálafyrirtækjum, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 87/1998 um opinbert eftirlit með fjármálastarfsemi. Tilmælin leysa af hólmi leiðbeinandi tilmæli nr. 4/2003.

Stjórn fjármálafyrirtækis og framkvæmdastjórn bera ábyrgð á að fullnægjandi innra eftirlit og innri endurskoðun sé ávallt til staðar. Á það jafnframt við þegar undanþága frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi hennar er veitt.<sup>1</sup>

Við gerð tilmálanna var horft til leiðbeinandi tilmæla Basel-nefndar um bankaeftirlit frá ágúst 2001 *Internal audit in banks and the supervisor's relationship with auditors*. Vísað er í neðanmálgreinum til leiðbeinandi tilmæla Basel-nefndarinnar þar sem við á.

## II. Viðmið

Hér er lýst þeim viðmiðum sem Fjármálaeftirlitið hefur til hliðsjónar við ákvörðun um veitingu undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi hennar.

### *1. Innri endurskoðun er falin utanaðkomandi sérfræðingi eða innri endurskoðunardeild móðurfélags*

Fjármálafyrirtæki sem hyggst sækja um undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi hennar skal annað hvort fela innri endurskoðun utanaðkomandi sérfræðingi eða innri endurskoðunardeild móðurfélags, sé móðurfélagið fjármálafyrirtæki sem starfrækir innri endurskoðunardeild.

Allar starfseiningar og dótturfélög viðkomandi fjármálafyrirtækis ættu eftir því sem unnt er að falla undir starfssvið innri endurskoðunardeildar. Hið sama á við um útvistuð verkefni fjármálafyrirtækis. Stjórn ber að rökstyðja það sérstaklega ef ætlunin er að hafa annan hátt á.<sup>2</sup>

<sup>1</sup> Meginregla 20: Regardless of whether internal audit activities are outsourced, the board of directors and senior management remain ultimately responsible for ensuring that the system of internal control and the internal audit, are adequate and operate effectively.

<sup>2</sup> Tölul. 33: None of the bank's activities or entities - including the activities of branches and subsidiaries as well as outsourced activities - may be excluded from the internal audit department's scope of investigation. The internal audit department should have access to any records, files or data of the bank, including

Ákvæði 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki ásamt leiðbeinandi tilmælum er varða innri endurskoðun gilda eftir því sem við á um utanaðkomandi sérfræðing á sviði innri endurskoðunar.

Ekki er heimilt að fela endurskoðanda eða endurskoðunarfyrirtæki sem sinnir ytri endurskoðun hjá hlutaðeigandi fjármálafyrirtæki að sinna innri endurskoðun skv. 1. mgr. 90. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Umræddu ákvæði var breytt með lögum nr. 75/2010 sem tóku gildi í júní 2010. Breytingin skerpir á kröfu um að endurskoðendur séu óháðir í störfum sínum og að krafan um óhæði lúti ekki eingöngu að einstaklingum heldur einnig að endurskoðunarfyrirtækjum í heild sinni. Með hliðsjón af framangreindu getur sami endurskoðandi eða endurskoðunarfyrirtæki ekki sinnt bæði innri og ytri endurskoðun hjá sama fjármálafyrirtæki.

## 2. Umfang rekstrar

Eftirfarandi viðmið um umfang rekstrar eru höfð til hliðsjónar við ákvörðun um veitingu undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi hennar. Við ákvörðun um veitingu undanþágunnar hefur Fjármálaeftirlitið einnig hliðsjón af áhættum í starfsemi viðkomandi fyrirtækis.

*Viðskiptabankar, lánaþyrirtæki, rafeyrisfyrirtæki, verðbréfafyrirtæki og verðbréfamíðlanir*

- Heildareignir, eignir í eignastýringu og eignavörslu eru undir 100 ma.kr. (100.000.000.000 kr.).

*Rekstrarfélög verðbréfasjóða*

- Heildareignir ásamt eignum verðbréfa- og fjárfestingarsjóða, fagfjárfestasjóða, eignum í eignastýringu og eignavörslu eru undir 40 ma.kr. (40.000.000.000 kr.).

Þrátt fyrir að umrædd fyrirtæki fari yfir framangreind viðmið, getur Fjármálaeftirlitið veitt undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi hennar ef það telur að óhæði og sjálfstæði innri endurskoðunar sé betur tryggt með þeirri ráðstöfun. Í tengslum við framangreint er horft m.a. til þess að stöðugildi séu undir 100 og fjármálafyrirtækið hafi fáar og einfaldar starfsheimildir.<sup>3</sup>

---

management information and the minutes of the consultative and decision-making bodies, whenever it is relevant to the performance of its assignments.

<sup>3</sup> Tölul. 15: In larger banks and banks with complex operations, internal audit should normally be conducted by an internal audit department with a full-time staff. In small banks, internal audit activities may be outsourced to an outsourcing vendor. Some countries allow small banks to implement a system of independent reviews of key internal controls as an alternative.

Tölul. 100: It is generally accepted that in certain small banks where the size and the extent of the risks do not justify entrusting the internal audit activities to at least one full-time staff member, all of the internal audit activities can be outsourced to an external vendor. All the principles concerning internal audit remain applicable in the case where all of the internal audit activities are outsourced.

*Sparisjóðir*

Sparisjóðum er heimilt að hafa með sér samstarf um starfsemi innri endurskoðunardeildar, samkvæmt d. lið 1. mgr. 69. gr. laga um fjármálafyrirtæki. Í samstarfinu felst að sparisjóðum er heimilt að útvista starfsemi innri endurskoðunardeildar að uppfylltum ákvæðum 2. mgr. 69. gr. laganna og skilyrðum tilmæla þessara. Í samstarfinu getur ekki falist að sparisjóður útvisti starfsemi innri endurskoðunardeildar eða einstökum þáttum í starfsemi hennar til annars sparisjóðs. Ástæða þess er að innri endurskoðun telst til kjarnastarfsemi fjármálafyrirtækja og útvistun starfsemi innri endurskoðunardeildar til annars sparisjóðs getur haft neikvæð áhrif á viðkomandi sparisjóð m.a. vegna mögulegra hagsmunaárekstra.

**3. Skriflegur samningur**

Gera skal skriflegan samning með fyrirvara um að undanþága verði veitt af hálfu Fjármálaeftirlitsins. Í samningnum skal eftirfarandi m.a. koma fram:

1. Skilgreining á verkefnum á sviði innri endurskoðunar og heimildum, sbr. ákvæði 16. gr. laga um fjármálafyrirtæki og leiðbeinandi tilmæli er varða innri endurskoðun.<sup>4</sup>
2. Stjórn, endurskoðunarnefnd, ytri endurskoðandi og Fjármálaeftirlitið skulu hafa aðgang að öllum gögnum sem tengjast verkefnum innri endurskoðunar hjá viðkomandi fjármálafyrirtæki.<sup>5</sup>
3. Kveða skal á um ábyrgð stjórnar fjármálafyrirtækis og framkvæmdastjórnar á innri endurskoðun.
4. Ákvæði um tímalengd og uppsögn samnings.<sup>6</sup> Ekki skal setja óraunhæfar kröfur um tímalengd né kostnað vegna umfangs innri endurskoðunar.
5. Kveða skal á um þagnarskyldu.

Fjármálaeftirlitið vekur athygli á því að um útvistun fjármálafyrirtækis, sem hefur heimild til verðbréfavíðskipta, gildir 7. gr. laga nr. 108/2007 um verðbréfavíðskipti, sbr. 4. gr. laganna og 11. og 12. gr. reglugerðar nr. 995/2007 um fjárfestavernd og víðskiptahætti fjármálafyrirtækja, eftir því sem við á.

---

<sup>4</sup> Tölul. 96: The contract should define the outsourcing vendor's assignments and responsibilities. The contract should explicitly provide that senior management must give its prior approval to the risk analysis performed by the outsourcing vendor and to the plan that has been established.

Tölul. 98: The contract should provide that the outsourcing vendor commits him/herself to devote the resources required to effectively perform his assignment under the audit plan. There should be a protocol for changing the terms of the contract, especially for expansion of audit work if significant issues are found.

<sup>5</sup> Tölul. 97: The contract should also state that senior management or its representative(s), the external auditor(s) or its representative(s), and the supervisory authority have at any time access to the outsourcing vendor's records relating to his assignments, including his/her audit work plan and working papers.

<sup>6</sup> Tölul. 95: It is good practice to establish a written contract between the bank and the outsourcing vendor. Senior management should ensure that the bank concludes a contract that can remain valid for a sufficient time period with an outsourcing vendor who has the necessary professional proficiency, taking into account the characteristics of the bank concerned.

Fjármálaeftirlitið vekur einnig athygli á því að um útvistun verkefna rekstrarfélags verðbréfasjóða gildir 18. gr. laga nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði og 2. gr. reglugerðar nr. 792/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði.

#### 4. Viðbúnaðaráætlun

Fjármálafyrirtæki þarf að greina áhrif þess að fá undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi hennar á heildaráhættustefnu og innra eftirlit fjármálafyrirtækis, m.a. vegna rekstraráhættu sem í útvistuninni felst. Viðbúnaðaráætlun skal liggja fyrir um viðbrögð við því ef samningi um útvistun innri endurskoðunar lýkur, bæði varðandi val á nýjum aðila og hvernig innri endurskoðun verði háttáð, þar til samið hefur verið um útvistun að nýju.<sup>7</sup>

#### 5. Umsókn

Sækja skal um undanþágu frá starfrækslu innri endurskoðunardeildar eða frá einstökum þáttum starfsemi hennar til Fjármálaeftirlitsins. Eftirfarandi gögn skulu fylgja umsókninni, eftir því sem við á:

1. Gögn til staðfestingar á hæfi og hæfni utanaðkomandi sérfræðings.
2. Samningur sbr. 3. tölul. II. kafla tilmæla þessara.
3. Greining á áhrifum undanþágunnar á heildaráhættustefnu og innra eftirlit auk viðbúnaðaráætlun, sbr. 4. tölul. II. kafla tilmæla þessara.

### III. Undanþága frá II. kafla

#### Rafeyrisfyrirtæki og verðbréfamiðlanir

Fjármálaeftirlitið getur fallið frá II. kafla tilmælanna í tilfelli rafeyrisfyrirtækja og verðbréfamiðlana og heimilað að stjórn og framkvæmdastjórn annist innri endurskoðun. Stjórn og framkvæmdastjórn bera jafnframt ábyrgð á að fullnægjandi innra eftirlit og innri endurskoðun sé ávallt til staðar. Veiti Fjármálaeftirlitið undanþáguna skal stjórn gera Fjármálaeftirlitinu árlega grein fyrir fyrirkomulagi og virkni innra eftirlits.

Stjórn Fjármálaeftirlitsins samþykkti að gefa út og birta tilmælin þann 27. maí 2011.

Reykjavík, 24. júní 2011  
FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ



Gunnar Þ. Andersen



Ragnar Hafliðason

<sup>7</sup> Tölul. 99: When an institution enters into an outsourcing arrangement, it increases its operating risks. The supervisory authorities expect banks to analyse the impact outsourcing of internal audit activities will have on their overall risk profile and the bank's internal control system. In case the arrangement suddenly terminates, the institution should have a contingency plan. Given that there are a number of possible alternative suppliers in the field of internal audit, the contingency plan will refer most of the time to an alternative vendor. Given the time the new vendor will need, the bank has to consider the need to increase temporarily its own internal audit efforts.